

LOKAÐ MEÐ BÓKUN


Málnr.: **17-173F028**

Dags: **28. september 2017**

Staður: **Aðflug fyrir flugbraut 01 á Reykjavíkurlugvelli (BIRK)**

Lýsing: **TF-CAB flaug í veg fyrir TF-FGB**

Fjórar flugvélar voru að koma inn til landingar á Reykjavíkurlugvelli. Tvær flugvéla voru á lokastefnu fyrir flugbraut 01 (TF-SKN númer eitt og FEI765 númer tvö) klukkan 15:15:18, þegar TF-CAB kallaði í flugturninn á BIRK og tilkynnti sig við Viðey. Það flugumferðarstjórinn í flugturninum á Reykjavíkurlugvelli flugmann TF-CAB að tilkynna sig næst við Kringluna. Því




næst, klukkan 15:15:26 kallaði flugmaður TF-FGB og tilkynnti sig við Vegamót. Það flugumferðarstjórinn flugmann TF-FGB að tilkynna sig næst við Vífilsstaði.

Klukkan 15:16:12 tilkynnti flugmaður TF-CAB sig yfir Kringlunni. Flugumferðarstjórinn sagði flugmanni TF-CAB að hann væri númer 4 fyrir flugbraut 01 og ætti að fylgja Diamond flugvél [TF-FGB] sem væri að nálgast Vífilsstaði. Flugmaður TF-CAB las rétt til baka og sagðist leita eftir umferð.

Klukkan 15:16:31 kallaði flugumferðarstjórinn í flugmann TF-FGB og tilkynnti honum að hann væri númer 3 fyrir flugbraut 01 á eftir Jetstream [FEI765] sem væri á lokastefnu. Flugmaður TF-FGB las rétt til baka og sagðist sjá Jetstream flugvélin.

Klukkan 15:17:42 flaug flugvél TF-CAB í veg fyrir flugvél TF-FGB. Voru báðar flugvélarnar í 1100 feta hæð og minnsta fjarlægð á milli þeirra var 0,1 NM. Þegar þetta gerðist tilkynnti flugmaður TF-FGB flugumferðarstjóra að hann hefði flugumferð beint framundan og beygði til hægri til þess að forða árekstri.



Við rannsóknina kom í ljós að flugvél TF-CAB var komin nær Reykjavíkurlflugvelli en TF-FGB, þegar flugmaður TF-CAB var staddur yfir Kringlunni og kallaði í flugturninn. Vegna þess að flugvél FEI765 var á lokastefnu á hægri hönd TF-CAB og þess hversu stutt var á milli flugvéla FEI765 og TF-FGB (sjá mynd 1), þá lét flugumferðarstjórinn flugmann TF-CAB koma inn til landingar á eftir TF-FGB.

Rannsóknin leiddi ennfremur í ljós að flugmaður TF-CAB sá flugvélar númer 1 [TF-SKN] og númer 2 [FEI765 (Jetstream)] á lokastefnunni fyrir flugbraut 01, en hann sá flugvél númer 3 [TF-FGB] hins vegar ekki. Varð flugmaður TF-CAB ekki var við flugvél TF-FGB fyrr en hann flaug í veg fyrir hana. Þá sá flugmaður TF-CAB flugvél TF-FGB örlítið til vinstri við sig og var þá flugvél TF-FGB að taka hægri beygju.

Tilmæli:

RNSA bendir flugmönnum í sjónflugi í stjórnðu loftrými að óska eftir frekari upplýsingum um flugumferð framundan, ef þeir sjá hana ekki.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 22. mars 2018.